

## Langanesbyggð-Pórshafnarhöfn

### BT. Hafnarstjóri og Hafnarnefnd

Minnisblað, dags. 23. mars 2026.

Varðandi: kostnað vegna umframdýpkunar að ósk Vegagerðarinnar

Ísfélag hf. óskaði eftir því árið 2022 að reisa nýjan frystiklefa á hafnarsvæði, austan megin við núverandi frystiklefa.

Langanesbyggð og Ísfélag ákváðu að fara sameiginlega í að dýpka Þórshafnarhöfn. Báðir aðilar ræddu við Vegagerðina um aðkomu að verkinu sem tók jákvætt í það. Eflu var falið að verkstýra, gera verðkönnun og halda utan um verkið. Verðkönnunargögn voru gerð af Eflu og Vegagerðinni.

Ástæða þess að farið var sameiginlega í að dýpka höfnina voru sameiginlegir hagsmunir allra aðila. Það hefur verið í skoðun og hönnun Vegagerðarinnar og sveitarfélagsins að dýpka höfnina og lengja bryggju um 100 metra til austurs, sjá gögn meðal annars frá 2012. Það hentaði því öllum aðilum að fara í þessa framkvæmd. Það hentaði einnig báðum aðilum að fá efni úr höfninni sem var hægt að nota í fyllingar og farg á hafnarsvæði. Þessi dýpkun var nauðsynleg vegna þróunar á notkun hafnarinnar og hafnarsvæðisins til skemmri og lengri tíma. Vegagerðin kom að hönnun verksins og sagði til með svæði og dýpi og efnismagn sem tekið var úr höfninni.

Heildarmagn dýpkunar var 26.385 m<sup>3</sup> sem varð meira en lagt var af stað með vegna krafna frá Vegagerðinni.

Öll þessi dýpkun er og verður fullnýtt vegna breytinga á smábátahöfninni og vegna fyrirhugaðrar lengingar á austur/vestur hafnarkanti um 100 metra samkvæmt samgönguáætlun ríkisins.

Langanesbyggð og Ísfélagið hafa greitt fyrir þessa framkvæmd að fullu fyrir utan að Langanesbyggð hefur fengið greitt 10 m.kr. króna frá Vegagerðinni.

Heildarkostnaður Langanesbyggðar og Ísfélags vegna uppgröfts við dýpkun í höfninni var alls um 143 m.kr. í þessari tölu er ekki allur kostnaður við dýpkunina.

Heildarkostnaður Langanesbyggðar og Ísfélagsins við verkið lætur nærri að vera um 200 m.kr.

Ósk Ísfélagsins er að Hafnarsjóður viðurkenni að dýpkunin sem var gerð árið 2024 sé fyrirfram greiddur kostnaður af hálfu hafnarsjóðs og Ísfélagsins fyrir Vegagerðina og sé metinn sem eign þeirra sem greiddu að jöfnu.

F.h. Ísfélags hf.

  
